

Mál nr. 151/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs

Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Sveitarfélag.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 22. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 2. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að rétt um klukkan 17.30 þann 21. mars 2022 hafi bifreiðinni (A) verið ekið ofan í holu á Höfðabakka við Árbæjarsafn. Við það skemmdist dekk og felga bifreiðarinnar. M, eigandi A, hefur krafist bóta vegna tjónsins úr ábyrgðartryggingu X hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til þess að tjón á bifreið M verði ekki rakið til skaðabótaskyldrar háttsemi starfsmanna X. Starfsmenn X hafi reynt að fylgjast með svæðinu eftir fremsta megni og gert við holur jafn óðum og þær mynduðust en nokkrir viðkvæmir kaflar hafi verið á veginum sem ollu tjóni um miðjan desember og svo í lok febrúar og byrjun mars 2022. Eftir fyrstu helgina í mars hafi virst sem viðgerðir hafi dugað til en þó hafi verið sett upp viðvörðunarskilti þann 10. mars 2022 til að draga enn frekar úr hættu á tjónum.

M telur að tjónið sé bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu X. Holan hafi verið illa merkt og telur M vafa leika á því hvort skiltið hafi í raun verið til staðar er tjónið varð. Erfitt hafi verið að sjá ómerkta holu í snjókomu.

Álit.

Samkvæmt 43. gr. vegalaga nr. 80/2007 ber veghaldari ábyrgð á því að vegi, sem opinn er almenningi til frjálsrar umferðar, sé við haldið með eðlilegum hætti miðað við þá umferð sem um veginn fer. Enn fremur skal veghaldari svo fljótt sem við verður komið eftir að hann hefur fengið vitneskju um skemmdir á vegi, sem hættulegar eru umferð, láta gera við þær eða merkja hina hættulegu staði þar til viðgerð hefur farið fram og skulu merkingar vera í samræmi við ákvæði umferðarlaga. Þá segir í 56. gr. laganna að veghaldari vegar sem opinn er almenningi til frjálsrar umferðar beri ábyrgð á tjóni sem hlýst af slysi á veginum þegar tjónið er að rekja til gáleysis veghaldara við veghaldið og sannað er að vegfarandi hafi sýnt af sér eðlilega varkárni. Þegar tjón verður getur sá sem verður fyrir tjóni sótt skaðabætur skv. ofangreindri bótareglu en skv. almennum sönnunarreglum verður sá hinn sami að sýna fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu fyrir hendi. Í þessu tilviki felst það í því að það þurfa að koma fram sönnunargögn um að viðhaldi og/eða merkingu vegar hafi verið ábótavant. Í gögnum málsins liggja ekki fyrir upplýsingar um að önnur tjón hafi orðið á sama vegarkafli á sama tíma né að starfsmenn X hafi vitað af holunni án þess að bregðast strax við með viðgerð. Fyrir liggur að viðvörðunarmerki var sett upp við veginn 11 dögum fyrir tjónið og holan var lagfærð strax í kjölfar þess. Með vísan til til þess verður talið að M verði að bera hallan af sönnunarskorti um ófullnægjandi viðhald eða merkingu veghaldara. Þannig verður ekki fallist á kröfu M til greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 7. júlí 2022

Þóra Hallgrímsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson

Heiða Óskarsdóttir